

LEIÐBEININGAR UM NOTKUN

GONAL-F®

ÁFYLLTS LYFJAPENNA



GONAL-f®

MERCK



HVAÐ ER GONAL-F OG VIÐ HVERJU ER ÞAÐ NOTAÐ

GONAL-f inniheldur lyf sem kallast „follitrópín alfa”. Follitrópín alfa er „eggbússtýrihormón” (FSH) sem tilheyrir hópi hormóna sem nefnast „gónadótrópín”. Gónadótrópín gegna hlutverki við æxlun og frjósemi.




GONAL-F ER NOTAÐ HJÁ FULLORÐNUM KONUM:

- Til að hjálpa til við að losa egg úr eggjastokk (egglos) hjá konum sem ekki geta haft egglos og hafa ekki svarað meðferð með lyfi sem nefnist „klómífen sítrat“.
- Ásamt öðru lyfi sem nefnist „lútrópín alfa“ („gulbúsörvandi hormón“ eða LH) til að hjálpa til við að losa egg úr eggjastokk (egglos) hjá konum þegar líkami þeirra framleiðir mjög lítið gónadótrópín (FSH og LH).
- Til þess að hjálpa til við að mynda þó nokkuð mörg eggbú (sem hvert inniheldur eitt egg) hjá konum sem gangast undir tæknifrjóvgun (ferli sem kunna að hjálpa til við þungun) svo sem „glasafrjóvgun“, „ísetningu kynfrumna í legpípur“ eða „ísetningu okfrumna í legpípur“.

GONAL-F ER NOTAÐ HJÁ FULLORÐNUM KARLMÖNNUM:

- Ásamt öðru lyfi sem nefnist kóríogónadótrópín“ (hCG), til að örva sæðismyndun hjá karlmönnum, sem eru ófrjóir vegna lítils magns tiltekinna hormóna.

LYFJAPENNINN





GEYMSLA

Ávallt skal geyma GONAL-f® áfyllta lyfjapennann með lokinu á.

Órofnar umbúðir skal geyma í kæli (2° C-8° C).
Lyfið er viðkvæmt fyrir ljósi. Lyfið má ekki frjósa.

Áður en umbúðir eru rofnar og fram að fyrningardegi lyfsins má geyma það utan kælis við hitastig sem er að hámarki 25°C í eitt tímabil sem nemur allt að 3 mánuðum. Farga skal GONAL-f® ef það hefur ekki verið notað innan þessara 3 mánaða.

Þegar umbúðir hafa verið rofnar skal geyma lyfjapennann við 2°C til 25°C í að hámarki 28 daga.



1

UNDIRBÚNINGUR LYFJAPENNANS FYRIR INNDÆLINGU




Fjarlægðu
afrífanlega innsiglið
af ytra nálarlokinu.

Láttu áfyllta
lyfjapennann standa
við stofuhita í að
minnsta kosti
30 mínútur
fyrir notkun.



Skrúfaðu ytra nálarlokið á oddinn
með skrúfganginum á GONAL-f
áfyllta lyfjapennanum þar til þú
finnur örlitla fyrirstöðu.



Fjarlægðu ytra nálarlokið með því að
toga varlega í það.

STILLTU SKAMMTINN

- Í fyrsta skipti sem þú notar nýjan Gonal-f lyfjapenna, skaltu athuga hvort lítill dropi af vökva komi fram á oddi nálarinnar áður en skammturinn er stilltur.
- Stilltu skammtinn sem þér hefur verið ávísaður með því að snúa skammtastillingunum áfram þar til ávísaður skammtur kemur fram í skammtaglugganum.
- Gakktu úr skugga um að skammtaglugginn sýni fullan ávísaðan skammt áður en farið er yfir í næsta skref. Skammtaglugginn ætti nú að sýna skammtinn sem læknirinn hefur ávísað þér (sjá dæmi 75 a.e.).



Þú getur snúið skammtastillingunum til baka á réttan skammt ef þú hefur snúið honum framhjá áætluðum skammti og stillt á of háan skammt.

INNDÆLING SKAMMTS

- Veldu stungustað á því svæði sem lækni eða hjúkrunarfræðingur hefur ráðlagt þér að nota til inndælingar. Hreinsaðu húðina.
- Fjarlægðu innri nálarhlífina varlega.
- Þrýstu nálinni hægt alla leið inn í húðina. Þrýstu skammtastillinum hægt eins langt og hann kemst og haltu honum inni til að ljúka fullri inndælingu. Haltu honum í að minnsta kosti 5 sekúndur áður en þú fjarlægir nálina úr húðinni.
- Haltu skammtastillinum niðri um leið og þú togar nálina út úr húðinni.
- Númerið í skammtaglugganum verður aftur 0. Þetta sýnir að fullur skammtur hefur verið gefinn.



Ef ekki er nægur skammtur eftir í lyfjapennanum mun skammtaglugginn sýna það magn sem vantar og þú þarft að framkvæma inndælingu með nýjum lyfjapenna.

EFTIR INNDÆLINGU

FJARLÆGÐU NÁLINA

EFTIR HVERJA INNDÆLINGU!

- Settu ytra nálarlokið aftur á nálina.
- Skrúfaðu nálina af með því að snúa ytra nálarlokinu til baka.
- Settu lokið aftur á lyfjapennann.

**GONAL-f® áfylltir lyfjapennar koma í
900 a.e. og 300 a.e.**



GONAL-f® 900 IE/1,44 ml
inniheldur 16 nálar til notkunar undir húð
vörunúmer: 389637 Gonal-f 900 a.e.




GONAL-f® 300 IE/0,48 ml
inniheldur 8 nálar til notkunar undir húð
vörunúmer: 141438 Gonal-f 300 a.e.



Lesið vandlega upplýsingar í fylgiseðli fyrir notkun.




Skannaðu kóðann
til að horfa á
kennslumyndband
fyrir GONAL-f®



Merck AB
Icepharma
Lynghálsi 13, 110 Reykjavík
Sími: 540-8000
www.icepharma.is

MER250301, Desember 2025



GONAL-f®

MERCK